



Verðbólga hækkaði í 3,6% í maí

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,21% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,6% samanborið við 3,3% í apríl. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,20% milli mánaða og mælist 3,1% verðbólga á þann mælikvarða samanborið við 2,8% í apríl.

Niðurstaðan var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,2%. Við höfðum spáð +0,1%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- **Flugfargjöld til útlanda** lækkuðu um 8,9% milli mánaða. Þetta var árstíðarbundin breyting, en þessi liður lækkar almennt milli mánaða í maí. Flugmiðinn er núna 10% dýrari en í maí 2018, en 10% ódýrari en maí 2017.
- **Bensín og díselolía** hækkaði um 3,1%. Skýrist sú hækking bæði af gengisbreytingum og hækkingu á heimsmarkaðsverði olíu. Síðan sú mæling var gerð hefur bensín hækkað um tæpt prósent í viðbót.
- **Matur og drykkjarvörur** hækkuðu um 0,7% milli mánaða, en þessi liður lækkaði milli mánaða í maí í fyrra. Mest hækkuðu ber (+9,1%), kál (+6,8%), egg (+4,8%) og ávextir (+3,6%). Kartöflur (-3,3%), sælgæti (-1,4%) og sykurl (-1,4%) lækkuðu mest.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,3% milli mánaða.

Gerum ráð fyrir 3,7% verðbólgu í ágúst

Eins og staðan er í dag reiknum við með +0,5% í júní, óbreyttri vísitölu í júlí og +0,5 í ágúst. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,7% í ágúst.

	Vægi í VNV	Breyting	
		milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,7%	4,8%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,0%	1,7%
Föt og skór	4,3%	0,6%	2,8%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,2%	4,6%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,3%	4,7%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	-0,3%	1,7%
Heilsa	4,0%	-0,2%	1,5%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,8%	1,2%
Kaup ökutækja	5,6%	0,4%	5,0%
Bensín og díselolía	3,5%	3,1%	8,7%
Flugfargjöld til útlanda	1,7%	-8,9%	10,1%
Póstur og sími	1,8%	1,0%	-5,6%
Tómst. og menning	9,9%	0,4%	1,5%
Menntun	0,4%	0,0%	-1,7%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,3%	2,8%
Aðrar vörur og þjónusta	6,6%	-0,3%	2,5%


Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands,

Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguþspá




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV í maí




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting undirliða á tólf mánaða tímabil



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.